

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

Rafvirkjar óskast

Vana rafvirkja vantar til starfa við krefjandi raflagna- og smáspennuverkefni á höfuðborgarsvæðinu. Starfsþjálfunarnemar koma einnig til greina.

Ljósvakinn ehf

Vesturvör 30b – 200 Kópavogur
Sími 564 5890 – lvaki@simnet.is



KÓPAVOGSBÆR

Frá Salaskóla

Eftirtalin störf eru laus til umsóknar:

- Stuðningsfulltrúi - 50 - 100% starf
- Starfsfólk í dægradvöl – hlutastarf

Laun samkvæmt kjaras. Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar gefur skólastjóri í síma 570 4600.

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf.

www.kopavogur.is - www.job.is



Heilsdags / hlutastörf

Melabúðin óskar eftir fólki til heilsdagsstarfa og hluta úr degi Um er að ræða innkaup, áfyllingar, afgreiðslu í kjötdeild sem og afgreiðslu á kössum

Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri.
Melabúðin - Þín Verslun, Hagamel 39, sími 551 0224.
melabudin@thinverslun.is



Viltu starfa í spennandi og alþjóðlegu umhverfi?

OMX Nordic Exchange Iceland (Kauphöllin) leitar að sérfræðingum

OMX Nordic Exchange gegnir hlutverki miðlægrar gáttar að fjármálamörkuðum á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum til að auka áhuga, tækifæri og fjárfestingu á öllu svæðinu. OMX er alþjóðlegur vinnustaður og er með starfsemi í Ástralíu, Kanada, Kína, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Hong Kong, Íslandi, Ítalíu, Lettlandi, Litháen, Noregi, Singapúr, Svíþjóð, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Bretlandi og Bandaríkjunum.

Störf felast í:

- Þjónustu og samskiptum við útgefendur skráðra verðbréfa í Kauphöllinni
- Þjónustu og samskiptum við kauphallaraðila
- Yfirferð og staðfestingu á lýsingum sem gefnar eru út vegna almenns útboðs verðbréfa eða töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði
- Eftirliti með upplýsingagjöf skráðra félaga
- Vinnu og samskiptum innan OMX kauphallanna

Vinsamlega athugið að fyrirspurnum vegna ofangreindra starfa verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Guðný Harðardóttir, gunny@stra.is, og Gunnar H. Ársælsson, gunnar@stra.is, veita nánari upplýsingar. Viðtalstímar eru frá kl. 13-15 alla virka daga. Vinsamlega sendið starfsferilsskrár og meðfylgjandi prófgögn til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

Menntun og hæfni:

- Háskólamenntun í viðskiptafræðum eða skyldum greinum
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta, bæði töluð og rituð
- Framúrskarandi íslenskukunnátta, bæði töluð og rituð
- Mjög góð tölvukunnátta
- Reynsla af fjármálamarkaði æskileg



omxgroup.com/nordicexchange



Fasteignir ríkissjóðs fara með umsýslu 220 fasteigna í eigu ríkisins um land allt. Í því felst útleiga húsnæðis, rekstur þess, viðhald og endurbætur. Gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar aukist verulega á næstu þremur árum. Brunabótamat eignasafnsins er um 45 milljarðar og heildarstærð þess um 355 þús. m². Ársvelta er rúmir 2 milljarðar. Aðsetur er að Borgartúni 7 í Reykjavík en framkvæmdir eru einnig víða um land.

VERKEFNASTJÓRI

Fasteignir ríkissjóðs óska eftir að ráða verkefnastjóra viðhaldsframkvæmda.

Starfssvið

- Meta ástand fasteigna með tilliti til viðhalds og nauðsynlegra endurbóta
- Gerð kostnaðar- og framkvæmdaáætla
- Vinna að undirbúningi og skipulagningu framkvæmda
- Eftirlit og stjórnun framkvæmda

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræði, byggingartækniþræði, byggingarfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Iðnmenntun er kostur
- Reynsla af stjórnun verklegra framkvæmda og framkvæmdaeftirliti
- Frumkvæði, sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Capacent er stærsta ráðgjafar-rannsóknar-og ráðningarfyrirtæki landsins þar sem hópur 130 sérfræðinga með fjölbreytta menntun og reynslu starfa. Hlutverk Capacent er að aðstoða viðskiptavinum þess að ná árangri með því að umbreyta þekkingu í verðmæti. Capacent leggur metnað sinn í að skapa starfsfólki sínu ögrandi og hvetjandi starfsumhverfi. Leiðarljós starfsmanna í samskiptum við ytri og innri viðskiptavinum endurspeglast í gildum Capacent, sem eru frumkvæði, liðsandi og heilindi.

VERKEFNA- OG SÖLUSTJÓRI

Hefur þú áhuga á að starfa með öflugustu fyrirtækjunum, ná árangri og læra af fjölbreyttum verkefnum í skapandi þekkingarfyrirtæki?

Við leitum að metnaðarfullum og söludrífnum einstaklingi í starf verkefna- og sölustjóra. Í starfinu felst dagleg umsýsla með námskeiðum á vegum Capacent þjálfunar og Stjórnendaskóla Capacent. Viðkomandi er í miklum samskiptum við nemendur, kennara og viðskiptavinum, auk þess að sinna sölu- og markaðsmálum.

Til að koma til greina í starfið þarft þú að:

- hafa menntun og reynslu sem nýtist í starfi
- hafa reynslu af sölumennsku og þjónustu
- geta byggt upp og viðhaldið góðum tengslum við viðskiptavinum og samstarfsfólk
- vera agaður/öguð og skipulagður/skipulögð
- hafa góða almenna tölvukunnáttu
- sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- hafa einstaka þjónustulund
- geta sannfært aðra og haft áhrif á skoðanir fólks
- hafa gott vald á íslensku og ensku

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Hlutverk Hagstofu Íslands er að veita tölfraðilegar upplýsingar um þjóðfélagsleg málefni og tryggja að áreiðanleiki og óhlutdrægni séu í fyrirrúmi í opinberri hagskýrslugerð. Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og mikill metnaður einkennir starf sem þar fer fram. Alþjóðlegt samstarf er öflugt og þróunarvinna skipar veglegan sess. Starfsfólk Hagstofunnar vinnur að gerð hagskýrslna og miðlar þeim til almennings, atvinnulífs og stjórnvalda.

Nánari upplýsingar er að finna á www.hagstofa.is

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

Hagstofa Íslands leitar að metnaðarfullum hugbúnaðarsérfræðingi í Upplýsingatæknideild til að vinna að þróun útgáfukerfa, sérstaklega að veflausnum og útgáfuférlum fyrir hagtölur.

Lögd er rík áhersla á að starfsmaður viðhaldi þekkingu sinni á hugbúnaðarverkfærum sem notuð eru, t.d. með því að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur.

Starfssvið

- Viðhald og nýsmíði veflausna fyrir vefi Hagstofunnar
- Hönnun og uppbygging útgáfukerfa Hagstofunnar
- Forritun fyrir rannsóknir á vegum Hagstofunnar
- Ráðgjöf og aðstoð við sérfræðinga Hagstofunnar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í tölvunar- eða kerfisfræði eða sambærilega menntun og/eða mikil fagþekking og reynsla
- Þekking og reynsla af forritun, sérstaklega í ASP.NET, SQL og XML
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður Dröfn Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Verkefni Upplýsingatæknideilda eru fjölbreytt og spennandi. Deildin hefur forystu í hönnun og smíði á upplýsingakerfum til móttöku, meðhöndlunar og útgáfu á gögnum Hagstofu Íslands. Að auki ber deildin ábyrgð á rekstri tölvu- og fjarskiptakerfa Hagstofunnar.

Í boði eru krefjandi og spennandi störf í góðu vinnuumhverfi á fjölskylduvænum vinnustað.

samskipAKSTURSSTJÓRI SENDIBÍLA

Samskip er fjölbreyttur og krefjandi vinnustaður þar sem þekking, frumkvæði og samheldni er lykillinn að árangri. Samskip bjóða viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá Samskipum starfa nú um 1400 starfsmenn á 56 skrifstofum í 23 löndum.

Samskip leitar að öflugum verkstjórnanda til að stýra sendibílaakstri fyrirtækisins.

- Starfssvið
- Verkstýring sendibíla innan höfuðborgarsvæðisins
 - Umsjón með útakstri innflutningsvöru
 - Umsjón með akstri fyrir Landflutninga, dreifingu í verslanir auk annars tilfallandi aksturs
 - Starfsmannahald
 - Utanumhald vegna verktaka
 - Kostnaðareftirlit
 - Önnur tilfallandi verkefni

- Menntunar- og hæfniskröfur
- Stúdentspróf, sambærileg menntun eða haldgóð reynsla
 - Reynsla af verkstjórn æskileg
 - Góð íslensku- og enskukunnátta
 - Frumkvæði, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
 - Hæfni til að vinna undir álagi
 - Lipurð í mannlegum samskiptum og þjónustulund

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent

RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Fasteignir ríkissjóðs fara með umsýslu 220 fasteigna í eigu ríkisins um land allt. Í því felst útleiga húsnæðis, rekstur þess, viðhald og endurbætur. Gert er ráð fyrir að umfang starfseminnar aukist verulega á næstu þremur árum. Brunabótamat eignasafnsins er um 45 milljarðar og heildarstærð þess um 355 þús. m². Ársvelta er rúmir 2 milljarðar. Aðsetur er að Borgartúni 7 í Reykjavík en framkvæmdir eru einnig víða um land.

FORSTÖÐUMAÐUR FRAMKVÆMDA

Fasteignir ríkissjóðs óska eftir að ráða starfsmann til að fara með yfirstjórn verklegra framkvæmda. Viðkomandi er staðgengill framkvæmdastjóra Fasteigna ríkissjóðs

- Starfssvið
- Yfirumsjón með verklegum framkvæmdum
 - Umsjón með áætlanagerð
 - Kostnaðareftirlit
 - Starfsmannamál

- Menntunar- og hæfniskröfur
- Byggingarverkfræði, byggingartæknifræði, byggingarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
 - Stjórnunarreynsla
 - Reynsla af verklegum framkvæmdum og framkvæmdaeftirliti
 - Leiðtoga hæfileikar
 - Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
 - Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent

RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Calidris er íslenskt fyrirtæki sem selur hugbúnaðarlausnir til flugfélaga á alþjóðamarkaði. Við byggjum árangur okkar á þekkingu á rekstri flugfélaga, á stöðugri þróun lausna okkar og hæfu og ánægðu starfsfólki. Okkar sterka liðsheild telur nú 35 manns. Viðskiptavinir Calidris eru stór og smá flugfélög um allan heim.

SPENNANDI TÍMAR FRAMUNDAN

Vegna aukinna verkefna óskar Calidris að bæta öflugum einstaklingum í hópinn.

Sérfræðingur/ráðgjafi á lausna- og þjónustusviði

- Starfssvið
- Samskipti við viðskiptavini
 - Greining vandamála hjá viðskiptavinum
 - Uppsetning ferla til lausnar vandamála hjá viðskiptavinum
 - Tæknilegur stuðningur við sölu- og markaðsdeild

- Hæfniskröfur og eiginleikar
- Verkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun
 - Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í tali og riti
 - Rík samskiptahæfni
 - Hæfni í greiningu vandamála
 - Vilji til að læra og takast á við nýja hluti
 - Góð almenn þekking á tölvukerfum

Gagnagrunnssérfræðingur/ráðgjafi í hugbúnaðardeild

- Starfssvið
- Stjórnun og meðhöndlun stórra gagnasafna
 - Uppbygging og rekstur gagnavöruhúsa með miklu magni gagna
 - Ráðgjöf, eftirlit og "eignarhald" á skipulagi gagnasafna

- Hæfniskröfur og eiginleikar
- Tölvunarfræði eða sambærileg menntun
 - Reynsla af stórum gagnasöfnum
 - Reynsla af Oracle Warehouse Builder eða öðrum ETL tólum er mikill kostur
 - Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í tali og riti
 - Rík samskiptahæfni
 - Hæfni í greiningu vandamála
 - Vilji til að læra og takast á við nýja hluti

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður Dröfn Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent

RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Kerfisstjóri

- Starfssvið
- Umsjón og stjórnun netkerfa Calidris
 - Uppsetning véla í Windows og Linux umhverfi
 - Almenn kerfisstjórnun

- Hæfniskröfur og eiginleikar
- Reynsla af kerfisstjórnun
 - Reynsla af Windows og Linux umhverfum
 - Hæfni í greiningu vandamála
 - Vilji til að læra og takast á við nýja hluti

VIÐSKIPTAFRÆÐINGAR

Einn stærsti lífeyrissjóður landsins óskar eftir að ráða tvo viðskiptafræðinga. Um er að ræða mjög krefjandi og spennandi verkefni fyrir metnaðarfulla aðila.

Viðskiptafræðingur á réttindasviði

Starfið felst meðal annars í afstemmingum og úrskurðun lífeyris auk ýmissa fjölbreyttra sérverkefna. Leitað er að einstaklingi með menntun á sviði viðskipta, önnur sambærileg menntun kemur til greina. Góðir samskiptahæfileikar, skipulögð vinnubrögð og áhugi á að vinna með tölur skilyrði. Góð kunnátta í Excel.

Viðskiptafræðingur í miðvinnslu eignastýringar

Starfið felst í uppgjöri og afstemmingum verðbréfavíðskipta og afleiðusamninga, eignautanumhaldi og almennu eftirliti. Einnig skýrslugerð, upplýsingagjöf, lausafjárstýring, gengisskráning erlendra sjóða sem og frágangur og uppgjör erlendra víðskipta. Frágangur samninga og samskipti við tengiliði er einnig hluti af starfinu. Leitað er að einstaklingi með viðskiptafræðimenntun og haldgóða starfsreynslu. Góðir samskiptahæfileikar, skipulögð vinnubrögð og áhugi á að vinna með tölur skilyrði. Góð kunnátta í Excel.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Yr. Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Brynhildur Steindórsdóttir (brynhildur.steindorsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á sveigjanlegar heildarlausnir sem byggja á sérþekkingu á sviði hraðsendinga, sjó- og flugfraktar. Þjónustunet DHL nær til meira en 220 landa og svæða og yfir 285.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu um heim allan. Hjá DHL á Íslandi starfa um 70 manns og góður starfsandi einkennir vinnustaðinn sem býður upp á alþjóðlegt og krefjandi starfsumhverfi.

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI

DHL óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling í starf þjónustufulltrúa. Viðkomandi mun starfa innan 5 manna deildar.

Starfssvið

- Þjónusta við innri og ytri viðskiptavinum
- Fyrirtækisins
- Eftirfylgni sendinga
- Sala virðisaukandi þjónustu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af þjónustustörfum æskileg
- Mjög góð enskukunnátta
- Haldgóð tölvuþekking
- Afburða þjónustulund og falleg framkoma og samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Efnamóttakan hf. er þjónustufyrirtæki og hefur viðskiptavinum um allt land og erlendis. Fyrirtækið tekur við spilliefnum og ýmsum endurvinnsluefnum og sér um að endurvinna og eyða þeim á faglegan og öruggan hátt. Fyrirtækið hefur rúmlega 20 starfsmenn á tveimur starfstöðum í Reykjavík og á Akureyri. Höfuðstöðvar eru í Reykjavík.

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Efnamóttakan hf. óskar eftir að ráða til sín framkvæmdastjóra. Um er að ræða spennandi og fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki.

Starfssvið

- Stefnumótun
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Hvatning og endurgjöf til starfsmanna
- Daglegur rekstur og stjórnun
- Samningagerð
- Innlend og erlend samskipti

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðskipta-, verkfræðimenntun eða sambærileg menntun
- Reynsla af stjórnun og rekstri fyrirtækja
- Góð þekking á tölvu- og upplýsingatækni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Metnaður og frumkvæði
- Reynsla af erlendum samskiptum æskileg

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Sveitarfélagið Fjallabyggð er nýrst á Tröllaskaga og varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2006. Þar búa um 2.400 manns. Bæirnir tveir eru afar fjölskylduvænir og þaðan er stutt í góða útivistarmöguleika jafnt að sumri sem vetri. Fjölbreytt þjónusta er í bæjunum og mannlíf gott og líflegt.

RÁÐGJAFI VIÐ FÉLAGSÞJÓNUSTU

Sveitarfélagið Fjallabyggð óskar eftir að ráða einstakling í starf ráðgjafa við félagsþjónustu Fjallabyggðar.

Starfssvið

- Ráðgjöf og stuðningur við börn, unglinga og foreldra
- Umsjón með þjónustu við fatlaða
- Félagsleg ráðgjöf
- Þverfaglegt starf í Fjallabyggð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði félagsmála
- Þekking og yfirsýn varðandi málefni fatlaðra
- Þekking og reynsla af starfi með fjölskyldum
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Hæfni í samskiptum og samstarfi
- Skipulagshæfileikar

Starfsstöð viðkomandi verður á Siglufirði. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði og sjálfstæði í verki.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Guðríður Dröfn Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Invent Farma

Invent Farma þróar, framleiðir og markaðssetur virk lyfjaefni og fullbúin samheitarlyf. Fyrirtækið leggur áherslu á þróun lyfja með einkaleyfavernduðum framleiðsluaðferðum og á félagið nú yfir 70 framleiðslueinkaleyfi. Hjá Invent Farma starfa um 400 starfsmenn, þar af meira en 40% með háskólamenntun. Megin starfsemi Invent Farma er í Barcelona á Spáni, sjá nánar www.invent.is.

Fjármálastjóri

Fjármálastjóri Invent Farma hefur umsjón með daglegum rekstri fjármálasviðs Invent Farma á Íslandi, hann hefur yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörsvinnu auk þess að sjá um gerð greiðslu- og fjárhagsáætlana og mánaðarleg uppgjör til móðurfélagsins, sem staðsett er á Spáni. Fjármálastjóri annast jafnframt starfsmannahald auk annarra þeirra verkefna er heyra undir stjórn fjármálasviðs.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi háskólamenntun á sviði viðskipta og reksturs auk marktækrar reynslu af sambærilegum störfum. Starfsreynsla af endurskoðunarskrifstofu er áhugaverð og kostur að viðkomandi hafi þekkingu á **SAP** viðskiptakerfi. Enskukunnátta er skilyrði, sem og góð almenn tölvukunnátta. Áhersla er lögð á stjórnunar- og skipulagshæfileika, fagmennsku og styrk í mannlegum samskiptum. Starfinu fylgir ferðalög.

Í **boði** er áhugavert starf hjá ört vaxandi alþjóðlegu fyrirtæki. Laun og önnur hlunnindi verða í takt við hæfni og reynslu þess sem ráðinn verður. Vinnuaðstaða er góð og starfsumhverfi faglegt.

Umsóknarfrestur vegna ofangreinds starfs er til og með 15. október nk., en upphaf starfs og ráðningartími fer skv. nánara samkomulagi. Ath. að upplýsingar um starfið verða eingöngu veittar hjá STRÁ MRI.

Guðný Harðardóttir, guðny@stra.is, hjá **STRÁ MRI** svarar fyrirspurnum. Viðtalstímar eru frá kl.13-15 alla virka daga meðan á umsóknarfresti stendur. Vinsamlega sendið starfsferilskrár og önnur viðeigandi gögn til stra@stra.is. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

Suðurlandsbraut 6 - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

Strengthen
your business

Við leitum að þér!

Vegna vaxandi umsvifa
og fjölbreyttra framtíðarverkefna

Tæknimenn/sérfræðingar í útstöðvarekstri

Starfið felst í fjölbreyttum verkefnum við daglegt eftirlit og umsjón með tölvukerfum marga framsæknuustu fyrirtækja landsins. Unnið er með nýjustu tækni á hverjum tíma. Þetta er draumastarfið þeirra sem hafa gaman af tækni, fjölbreyttum mannlegum samskiptum og lifandi starfsumhverfi. Lögð er áhersla á að einstaklingar geti vaxið og dafnað í starfi.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Góð þekking á Windows-stýrikerfum er skilyrði
- Mikill áhugi á tæknimálum og tölvugrúski ásamt lipurð í samskiptum
- Æskileg menntun er t.d. tölvudeild íðnskólans, rafeindavirkjun eða önnur menntun á tæknisviði
- Starfsreynsla er æskileg en efnilegir einstaklingar með t.d. MCSA, MCSE eða MCP gráður koma einnig til greina

Microsoft sérfræðingar

Starfið felst í þróun, uppbyggingu og daglegum rekstri tækniúmhverfis TM Software og viðskiptavina þess. Spennandi og krefjandi verkefni í boði þar sem unnið er með nýjustu tækni á hverjum tíma. Lögð er áhersla á góða vinnuáðstöðu og faglegt umhverfi.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunar-, verk- eða tæknifræði er æskileg
- Önnur tæknimenntun auk starfsreynslu kemur vel til álit
- Góð þekking á Microsoft lausnum nauðsynleg. MCSA, MCSE eða aðrar gráður eru kostur

Sérfræðingar í IP-símkerfum

Rekstur og umsjón með símkerfum. Uppsetning á nýjum búnaði og kerfum. Samskipti við samstarfsaðila og viðskiptavini. Spennandi og krefjandi verkefni eru í boði.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunar- verk- eða tæknifræði æskileg. Önnur tæknimenntun auk starfsreynslu kemur vel til álit
- Reynsla af rekstri símkerfa og netbúnaðar
- Samskiptahæfni, ásamt sjálfstæðum og öguðum vinnubrögðum

Við bjóðum og leggjum áherslu á:

- Frábæran starfsanda og liðsheild
- Góða starfsaðstöðu
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma
- Virka endurmenntun í starfi
- Margvísleg tækifæri til starfsþróunar
- Gott mótuneyti
- Laun og önnur starfskjör eftir samkomulagi

Gætt verður fyllsta trúnaðar um allar umsóknir og fyrirspurnir.

Nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon, starfsmannastjóri. Umsóknir með ferilskrá sendist til starfsmannastjóra torfi@t.is, fyrir **22. október nk.**

Sölumaður - hálf starf

Fyrirtæki okkar sem er öflug heildverslun með blóm, innpökkunarvörur og gjafavörur óskar eftir að ráða duglegan "sölumann á bíl".
Miðað er við 50% starfshlutfall fyrir hádegi.
Fyrirspurnir sendist á netfangið: info@flora.is



Sölumaður

Fyrirtæki okkar sem er öflug heildverslun með blóm, innpökkunarvörur og gjafavörur óskar eftir að ráða áhugasaman sölumann í gjafavörudeild.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst
Fyrirspurnir sendist á netfangið: info@flora.is




Rafvirkjar 1800 kr. í dagvinnu

Rótgróið og öflugt fyrirtæki á sviði raflagna leitar að röskum og reyndum rafvirkjum til starfa í fjölbreyttu og þægilegu starfsumhverfi. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Laun eru 1800 kr. í dagvinnu og ýmis önnur hlunnindi fylgja

Farið verður með allar umsóknir af fyllsta trúnaði. Áhugasamir sendi inn umsókn fyrir 13. Október á: box@frett.is merkt "rafvirkjar"

© 2007 KPMG hf., íslenski aðiliinn að KPMG International, svissnesku samvinnufélagi. Öll réttindi áskilin.



Við leitum að skattasérfræðingi & starfsfólki í endurskoðun og reikningsskilum

til starfa á skrifstofu okkar á Akureyri

Skattasérfræðingur

- Háskólanám í lögfræði eða viðskiptalögfræði
- Viðskiptatengd starfsreynsla
- Mjög góð þekking á skattamálum
- Gott vald á íslensku og ensku

Starfsfólk í endurskoðun og reikningsskilum

- Háskólanám í viðskiptafræðum eða starfsreynsla
- Viðskiptatengd starfsreynsla
- Góð þekking á bókhaldi og reikningsskilum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð þekking á Excel

Ef þú hefur frumkvæði og átt gott með að vinna með öðrum þá viljum við heyra í þér. Hafðu samband við Andrés Guðmundsson í síma 545 6077 eða með tölvupósti á netfangið starf@kpmg.is.

www.kpmg.is/starf

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY



Við leitum að metnaðarfullum sérfræðingi

Sérfræðingur í ferlaþróunarteymi

Við leitum að öflugum einstaklingi til að leiða þróun framleiðsluferla í málminnsluferli Fjarðaáls. Rúmlega 100 manns munu starfa í málminnsluferlinu. Steypuskáli álversins við Reyðarfjörð verður meðal þeirra fullkomnustu í heiminum.

Starfið veitir einstaklingi sem nær árangri einstakt tækifæri innan ört vaxandi stórfyrirtækis í alþjóðlegu umhverfi. Samstarf, hópvinna og valddreifing eru lykilatriði og mikil áhersla lögð á stöðugar endurbætur ásamt síaukinni hæfni og ábyrgð starfsmanna. Starfið krefst mikilla samskipta við aðra starfsmenn á öllum stigum framleiðslunnar. Náið samstarf er við framkvæmdastjóra málminnslu og sérfræðinga í málminnslu.

Ábyrgðarsvið:

- Leiða þróun á framleiðsluferlum í steypuskála samkvæmt straumlínustjórnkerfi Alcoa, sem byggir á framleiðslukerfi Toyota.
- Umsjón með mælingum og endurbótum framleiðsluferlis, sem og að greina þörf fyrir þjálfun starfsfólks svo tryggja megi stöðugar endurbætur.
- Náið samstarf við framkvæmdastjóra ferlaþróunar og framkvæmdastjóra málminnsluteymis, sem og aðra starfsmenn fyrirtækisins.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði.
- Reynsla í framleiðslustýringu æskileg sem og reynsla af notkun straumlínustjórnkerfa.
- Reynsla af greiningu, rannsóknum og endurbótum á framleiðsluferlum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í rit- og talmáli, sem og hæfni til tjáningar.
- Hæfni til miðlunar og kennslu.

Umsóknarfrestur er til 15. október. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

ÍSLENSKA SJÁLIS ALC 39458 10.2007



Ef þú hefur áhuga á þessu tækifæri ættir þú hiklaust að hafa samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netfangið sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is eða skrá umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál



Heilsugæslan í Lágmúla

óskar eftir að ráða móttökuritara í 60% starf

Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 30 ára, hafi tölvukunnáttu og góða framkomu. Vinnutími eftir hádegi.

Umsóknarfrestur er til 15. október nk.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið heilsugaesla@hglagmuli.is



Afgreiðslumaður

Kynnisferðir ehf. óska eftir að ráða starfsmann til ferðaafgreiðslu í BSÍ. Góð íslenskukunnátta er skilyrði, auk eins annars tungumáls (ensku).

Aðrar kröfur:

- Góð tölvukunnátta
- Falleg framkoma og þjónustulund
- Þekking á landi og þjóð

Um er að ræða vaktavinnu.

Umsóknir sendist til Kynnisferða ehf., Vesturvör 34, 200 Kópavogi, eða til sigrigur@re.is. Öllum umsóknum er svarað og farið er með þær allar sem trúnaðarmál.

Kennara vantar í Klébergsskóla



Vegna forfalla vantar okkur nú þegar sérkennara, kennara eða þroskaþjálf. Við erum sveigjanleg í samningum og því kemur til greina að ráða í allt frá 50% starf til 100%.

Klébergsskóli á Kjalarnesi er vel búinn grunnskóli með 160 nemendum í 1.-10. bekk þar sem allt er til staðar sem þrýða má einn skóla. Skólinn sem er einn af grunnskólum Reykjavíkur er í glæsilegri, nýrri byggingu með björtum og rúmgóðum kennslustofum, frábærri aðstöðu list- og verkgreina, fullfrágenginni skólalóð og mjög metnaðarfullu skólamötuneyti. Þá er Tónlistarskólinn á Klébergi undir sama þaki og grunnskólinn.

Við skólann starfar samheldinn og kraftmikill hópur sem vantar núna liðsauka. Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér þetta nánar, eru beðnir að setja sig í samband við Björgvin Þór Þórhallsson, skólastjóra. Netfangið er bjorgvinthor@klebergsskoli.is, síminn er 6648270 og 5666083. Umsóknarfrestur er til 12. október.

Viðskiptastjóri



SPRON óskar eftir að ráða öflugan og kraftmikinn viðskiptastjóra í útibú SPRON í Lágmúla.

Helstu verkefni:

- Almenn fjármálaþjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina SPRON
- Kynning og sala á vörum og þjónustu-leiðum SPRON
- Öflun nýrra viðskiptavina

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Ýlfa Proppé Einarsdóttir**, þjónustustjóri í Ármúlaútibúi, í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannapjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 14. október nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta eða sambærileg menntun
- Reynsla af bankastörfum er kostur
- Reynsla og/eða áhugi á markaðs- og sölumálum
- Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði, skipulagshæfileika og ríka þjónustulund ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum er áhersla á **TRAUST, FRUMKVÆÐI og ÁRANGUR**.

75 ára





Þjónusturáðgjafar óskast til starfa í útibú Kaupþings á höfuðborgarsvæðinu

Kaupþing leitar að söludrífnum einstaklingum í starf þjónusturáðgjafa. Við viljum fá til liðs við okkur fólk sem getur unnið sjálfstætt og hefur metnað til að ná árangri.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Almenn upplýsingagjöf og sala á þjónustu bankans
- Útgjaldadreifing og greiðsluþjónusta
- Almenn fjármálaráðgjöf
- Lánaumsóknir og yfirdráttarheimildir
- Greiðslumat
- Ráðgjöf um lífeyrismál og verðbréfavíðskipti

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf og góð reynsla á vinnumarkaði eða próf í viðskiptafræðum
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum
- Framúrskarandi þjónustulund, samskipta- og söluhæfileikar
- Reynsla af bankastörfum er æskileg

Við bjóðum:

- Krefjandi og skemmtileg verkefni í hópi kraftmikils samstarfsfólks
- Gott starfsumhverfi þar sem framtak einstaklingsins fær að njóta sín

Vinnutími er frá kl. 9.00 - 17.00.

Nánari upplýsingar veitir **Anna Rut Þráinsdóttir** í síma **444 6381**, netfang anna.thrainsdottir@kaupthing.com.

Umsóknarfrestur er til og með **14. október**. Umsækjendur sækja um á heimasíðu bankans www.kaupthing.is.



Hugsum lengra

► Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 190 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu,

Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hláb bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarda.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi frábærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Umsóknarfrestur er til 15. okt n.k.

Volvo atvinnutækjasvið

Sölustjóri varahluta fyrir Volvo vinnuvélar

Við leitum að sölustjóra fyrir varahluti í Volvo vinnuvélar

Stutt lýsing á starfi

- Sölustjórnun fyrir varahluti í Volvo vinnuvélar, vörubíla og flr.
- Vörustjórnun fyrir varahluti í Volvo vinnuvélar, vörubíla og flr.

Hæfniskröfur

- Hafa góða þekkingu og/eða reynslu af vinnuvélum og vörubílum
- Almenna tölvuþekkingu
- Góða íslensku- og enskukunnáttu
- Góða samskiptahæfileika
- Reynslu af sölustörfum

Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 9:00-18:00 eða 8:00-17:00, skiptist vikulega.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir starfsmannasvið Brimborgar í sínum 515-7088/7188.

Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.

Umsóknarfrestur er til 15. október 2007.

Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.



Öruggur staður til að vera á



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 - 8, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

Gluggasmiðjan auglýsir

Óskum eftir að ráða lagermann til starfa sem fyrst. Æskilegt að hann hafi lyftarapróf.

Upplýsingar í síma 577 5050 Pétur eða petur@gluggasmidjan.is



Gluggasmiðjan ehf.

Viðarhöfða 3, S. 577-5050, www.gluggasmidjan.is



KÓPAVOGSBÆR

Verkefnisstjóri æskulýðs- og tómstundamála

- Laust er til umsóknar starf verkefnisstjóra æskulýðs- og tómstundamála hjá Kópavogsbæ.

Krafa er gerð um háskólamenntun í uppeldisfræðum eða tómstundafræðum og/eða reynslu í rekstri tómstunda- og félagsmiðstöðva.

Jafnframt er gerð krafa um að umsækjandi hafi reynslu í stjórnun, rekstri og færni í mannlegum samskiptum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar sveitarfélaga f.h. Kópavogsbæjar og viðkomandi háskólafélags.

Umsóknarfrestur er til 22. október 2007.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu íþrótt- og tómstundamála í síma 570-1600.

Umsóknir berist á skrifstofu íþrótt- og tómstundamála Fannborg 2, 2. hæð.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is



Langar þig að takast á við krefjandi verkefni í spennandi starfsumhverfi?

Tæknileg verkefni að glíma við

Tæknimaður í radiódeild. Í starfi tæknimanns felst meðal annars rekstur, innsetningar og mælingar á búnaði tengdum þráðlausum dreifikerfum félagsins. Deildin rekur dreifikerfi fyrir farsíma, sjónvarp og útvarp um allt land og einnig fyrir örbylgjusambönd Vodafone.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafeindavirkjun skilyrði
- Iðnfræði og/eða tæknifræðimenntaðir koma einnig til greina
- Haldbær reynsla af rekstri fjarskiptakerfa
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Fékkst þú þjónustulund í vöggugjöf?

Þjónustufulltrúi í þjónustuver. Í starfi þjónustufulltrúa felst meðal annars að veita upplýsingar og ráðgjöf um þjónustu, verðskrá, tilboð, dreifingu og fleira. Unnið er á vöktum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af þjónustustörfum
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg
- Rík þjónustulund
- Góð enskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Ertu snillingur í mannlegum samskiptum?

Í starfi sölumanns felst meðal annars að veita upplýsingar og ráðgjöf um þjónustu og vörur Vodafone. Verslanir Vodafone á höfuðborgarsvæðinu eru í Kringlunni, Smáralind og Skútuvogi.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölumennsku og/eða þjónustustörfum
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Góð enskukunnátta
- Snryrtimennska
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Nýir starfsmenn fá góða fræðslu í upphafi starfs.

Aðeins umsækjendur sem hafa náð 20 ára aldri koma til greina.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Sonja M. Scott

í starfsmannþjónustu Vodafone, sonjas@vodafone.is.

Áhugasamir eru beðnir um að senda umsóknir um www.vodafone.is fyrir 20. október nk.

Markmið Vodafone er að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Þess vegna eigum við samleið með kraftmiklu fólki sem vill ná árangri í vinnunni, er áhugasamt og þjónustulundað. Við vitum að góður starfsandi skiptir miklu máli og leggjum okkur fram við að skapa sterka líðshéild. Við bjóðum gott fólk velkomið í skemmtilegan hóp 350 starfsmanna, sem ætla sér að ná enn lengra!



vodafone

Gríptu augnablikið og lifðu núna

UMSJÓN MANNAUÐSMÁLA

Um er að ræða fjölbreytt verkefni og tækifæri til faglegrar þróunar. Starfið felur í sér mikil samskipti við starfsmenn, stjórnendur, fyrirtæki og alþjóðlegar stofnanir.

Helstu verkefni:

- Umsjón með ráðningum og starfsþróun
- Framkvæmd símenntunarstefnu
- Vinnuskipulag og verkátlanir
- Árangursmælikvarðar og árangursmat
- Þátttaka í stefnumótun og breytingastjómun

Æskilegir eiginleikar sem horft er til

- Viðeigandi háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Viðeigandi starfsreynsla
- Frumkvæði, metnaður og hæfni til að starfa með fólki
- Góð enskukunnátta og hæfileiki til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi

Umsóknarfrestur er til 15. október 2007

Umsóknir og starfsferilskrá berist til Huldu Guðmundsdóttur á netfangið hulda@fme.is (eða Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík)

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

FME er vinnustaður með opinn stjórnunarstil, hátt menntunarstig og öfluga liðsheld. Lögð er áhersla á símenntun, skýra verkefnaábyrgð og framþróun í starfi. Vinnuumhverfið er lifandi og einkennist af fjölbreytni, þverfaglegri samvinnu og alþjóðlegu samstarfi. Nánari upplýsingar um FME er að finna á www.fme.is.

VEFSTJÓRI

Í starfinu felst heildarsýn yfir samhæfingu innri og ytri vefja. Uppfærsla, innleiðing og þróun á innri og ytri vef, gagnagrunnsforritun á borð við MS-SQL, vefmál og vefumsjónarkerfi. Ytri vefur FME er í Lisa.net umhverfi og viðkomandi mun hafa umsjón með að útfæra innra net í MS sharepoint 2007 umhverfi. Einnig vinna við forritunarmál á borð við HTML, XSLT og CSS.

Æskilegir eiginleikar sem horft er til

- Tölvunarfræðingur/kerfisfræðingur eða sambærileg menntun á þessu sviði
- Viðeigandi starfsreynsla
- Frumkvæði, metnaður og hæfni til að starfa með fólki
- Góð enskukunnátta og hæfileiki til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi

Umsóknarfrestur er til 15. október 2007

Umsóknir og starfsferilskrá berist til Huldu Guðmundsdóttur á netfangið hulda@fme.is (eða Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík)

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

FME er vinnustaður með opinn stjórnunarstil, hátt menntunarstig og öfluga liðsheld. Lögð er áhersla á símenntun, skýra verkefnaábyrgð og framþróun í starfi. Vinnuumhverfið er lifandi og einkennist af fjölbreytni, þverfaglegri samvinnu og alþjóðlegu samstarfi. Nánari upplýsingar um FME er að finna á www.fme.is.

Lagermaður

Ófnasmiðjan - Rými óskar eftir að ráða nú þegar öflugan lagermann.

Þeir kostir sem við leitum eftir eru:

- Stundvísi og reglusemi
- Ögun og skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking á Navision er kostur

Aðeins reyklus maður með reynslu af lagerstörfum kemur til greina. Umsóknir með sem ítarlegustu upplýsingum sendist á netfangið JBG@rymi.is



JÁ óskar eftir traustum og kraftmiklum starfsmönnum. Hjá JÁ starfar samheldinn hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur gildin traust, hraða, fróðleikisást, nýsköpun og umhyggju að leiðarljósi í öllum störfum sínum.

Já, okkur vantar söluráðgjafa

Vegna aukinna söluverkefna vantar okkur söluráðgjafa til starfa í Reykjavík. Söluráðgjafar kynna vörur og þjónustu Já fyrir íslenskum fyrirtækjum, fyrst og fremst er um að ræða auglýsingar á Netinu og í Símaskránni.

Starfið felur í sér:

- Samskipti við núverandi og nýja viðskiptavinina Já
- Eftirfylgni verkefna

Ráðgjafar þurfa að búa yfir þjónustulund og samskiptahæfileikum, sannfæringarkrafti og hæfileikum í mannlegum samskiptum. Einnig að vera sjálfstæðir og skipulagðir í vinnubrögðum og hafa söluþreynslu eða reynslu úr krefjandi þjónustustörfum og almenna tölvuþekkingu.

Umsjón með störfunum hafa Sigurður J. Eysteinnsson og Auður Bjarnadóttir hjá Capacent Ráðningum og Dagný Laxdal hjá Já. Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á vef Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Nánari upplýsingar er hægt að fá með tölvupósti, dagny@ja.is eða í síma 522 3271.

já

Viðskiptafræðingur óskast til starfa í Austurbæjarútibú Kaupþings

Kaupþing leitar að öflugum einstaklingi í starf fyrirtækjaráðgjafa. Við viljum fá til liðs við okkur fólk sem getur unnið sjálfstætt og hefur metnað til að ná árangri.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Greining á lánumsóknum fyrirtækja og ákvörðunartaka um lán
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Viðhald tengsla við viðskiptavinina
- Ráðgjöf um fjármögnun fyrirtækja og verkefna
- Ráðgjöf um verðbréf og lífeyrismál

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræðum eða sambærilegt nám
- Góð tölvuþekking
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni til að kynna og selja þjónustu bankans
- Góðir samskiptahæfileikar

Við bjóðum:

- Krefjandi og skemmtileg verkefni í hópi kraftmikils samstarfsfólks
- Gott starfsumhverfi þar sem framtak einstaklingsins fær að njóta sín

Vinnutími er frá kl. 9.00 - 17.00.

Nánari upplýsingar gefa **Þorsteinn Ólafsson** útibússtjóri, sími 444 8401, netfang thorsteinn.olafs@kaupthing.com og **Anna Rut Þráinsdóttir**, sími 444 6381, netfang anna.thrainsdottir@kaupthing.com. Umsóknarfrestur er til og með **14. október 2007**. Umsækjendur sækja um starfið á vefsíðum bankans, www.kaupthing.is.

KAUPÞING
Hugsum lengra



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Áhugaverð störf í grunnskólum

Álftamýrarskóli, Álftamýri 79, sími 570-8100
• Skólaliði í 80% starf

Árbæjarskóli, Rofabæ 34, sími 567-2555
• Skólaliðar í 50-100% störf

Ártúnsskóli, Árkvörn 6, sími 567-3500
• Kennari á miðstigi í 75-100% stöðu, afleysing vegna fæðingarorlofs
• Sérkennari, vegna forfalla

Brúarskóli, Vesturhlíð 3, sími 520-6000
• Forfallakennari

Foldaskóli, Logafold 1, sími 540-7600
• Umsjónarkennari í 6. bekk, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
• Umsjónarkennari í 8. bekk, kennslugreinar danska og enska, afleysing frá 1. desember vegna fæðingarorlofs
• Proskapjálfi í 80-100% stöðu, frá 1. janúar 2008
• Skólaliðar í mótuneyti í 75-100% störf, frá 1. desember 2007 og 1. janúar 2008
• Stuðningsfulltrúi í 70% starf frá 1. janúar 2008

Grandaskóli, v/Keilugranda, sími 561-1400
• Umsjón með kaffistofu starfsfólks, 75-80% starf

Hamraskóli, Dyrhólmur 9, sími 567-6300
• Stuðningsfulltrúi í 50-75% starf

Ingunnarskóli, Mariubaugi 1-3, sími 411-7828
• Umsjónarkennari í 4.-5. bekk, afleysing vegna fæðingarorlofs
• Umsjónarkennari í 6.-7. bekk, afleysing vegna fæðingarorlofs
• Stuðningsfulltrúi

Klébergsskóli, Kjalarnesi, sími 566-6083
• Sérkennari, 60% staða en möguleiki á hærri stöðuhlutfalli vegna forfalla

Korpusskóli, Bakkastöðum 2, sími 411-7880
• Umsjónarkennarar á miðstigi

Langholtsskóli, Holtavegi 23, sími 553-3188
• Skólaliði, starfshlutfall samkomulag

Réttarholtsskóli, v/Réttarholtsveg, sími 553-2720
• Gangavörður, 70-100% starf

Rimaskóli, Rósaríma 11, sími 411-7720
• Kennari á unglingastigi, kennslugreinar íslenska og stærðfræði, 50% staða
• Skólaliðar

Safamýrarskóli, Safamýri 5, sími 568-6262
• Stuðningsfulltrúar

Sæmundarskóli, Gvendargeisla 168, sími 411-7848
• Stuðningsfulltrúi í 50-75% starf
• Skólaliði í 50-100% starf

Víkurskóli, v/Hamravík, sími 545-2700
• Stærðfræðikennari á unglingastigi í 80% stöðu, möguleiki á 100% stöðu, vegna forfalla
• Umsjónarkennari í 2.-3. bekk í 60% stöðu, vegna forfalla

Ölduselsskóli, Ölduseli 17, sími 557-5522
• Skólaliði, baðvarsla drengja

Öskjuhlíðarskóli, Suðurhlíð 9, sími 568-9740
• Stuðningsfulltrúi í 80% starf
• Kennari/proskapjálfi
• Heimilisfræðikennari

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á www.menntasvið.is. Þar er einnig að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Óliudreifing ehf óskar eftir að ráða vélstjóra eða handlaginn einstakling til vaktavinnu-starfa í olíustöðina í Örfirisey.

Ólíustöðin Örfirisey er stærsta olíubirgðastöð landsins. Þar er tekið á móti stærstum hluta alls eldsneytis sem flutt er til landsins. Í birgðastöðinni er unnið á 12 tíma vöktum og felst vinnan í losun og lestun olíuskipa, afgreiðsla eldsneytis til skipa og rekstur dælubúnaðar og skilvinda.

Störfin standanda báðum kynjum jafnt til boða

Allar nánari upplýsingar veitir Einar Sveinn Ólafsson í síma 897 0303. Umsóknir sendist á tölvupóstfang enar@odr.is

Óliudreifing ehf. sér um dreifingu á fljótandi eldsneyti fyrir N1 og Olís. Félagið hefur starfað frá 1. janúar 1996. Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.odr.is

Lagerstarf

Rammagerðin óskar eftir að ráða öflugan lagerstarfsmann. Auk þess að sjá um lager verslunarinnar felur starfið í sér afgreiðslu í versluninni að hluta.

Hæfniskröfur

- Afburða þjónustulund og hressileg framkoma
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulag
- Tölvuþekking
- Stundvísi

Starfslýsing

- Taka á móti vörum og sjá um skráningar á þeim í birgðakerfi
- Samþykkja reikninga
- Sjá um vörutalningar
- Pantavaldsvörur
- Taka út skýrslur úr birgðakerfi
- Vera verslunarstjóra til handar með ýmis tilfallandi mál t.d. skýrslur, afgreiðsu, vörukaup, kassakerfi o.fl.

Umsóknarfrestur er til og með 16. október.

Umsóknir með starfsferilsskrá sendist til halldor@66north.is eða á 66°Norður, Miðhrauni 11, 210 Garðabær



ICELAND
GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN

Ævintýri alla daga

Leikskólinn Fífuborg, Fífuríma 13 í Grafarvogi
leitar að skapandi fólki með fjölbreytta menntun

Í Fífuborg eru eftirfarandi stöður lausar:

- Leikskólakennarar
- Sérkennari
- Aðstoðarmaður í eldhús. Vinnutími frá kl 7.45-13.30.

Fífuborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem lögð er áhersla á að barnið sé virkur og skapandi einstaklingur sem er fær um að velja og hafna í lífinu. Unnið er í gegnum valkerfi og hópastarf. Lögð er áhersla á hreyfingu og hollt mataræði.

Verið velkomin í heimsókn í Fífuborg eða hafið samband við Elínu Ásgrímsdóttur leikskólastjóra í síma 587-4515/639-9868.

➤ Við leitum að fólki á öllum aldri, af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.



Reykjavíkurborg
Leikskólasvið

www.leikskolar.is



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Leikskólinn Lundaból

Í Lundabóli leggjum við áherslu á að starfið einkennist af jákvæðni og virðingu og er velferð nemenda okkar leiðarljós.

Einkunnarorð leikskólans eru:
Hjarta – Hugur – Hönd

Vegna breyttra starfshátta óskum við eftir leikskólakennurum eða uppeldismenntuðum aðilum til að sjá um kennslu á eftirfarandi námssviðum:

- Íþróttir
- Listgreinar

Einnig óskum við eftir starfsfólki í neðangreind störf:

- Deildastjóri
- Matráður

Upplýsingar veita:

Katrín S. Einarisdóttir leikskólastjóri og Ingunn Þóra Hallsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 565 6176.

Fræðslu- og menningarsvið

Laus störf hjá Marel

Okkur vantar starfsfólk í framleiðslu:

Við leitum að áhugasömum og hæfileikaríkum einstaklingum, iðnnemum eða þrautreyndum iðnaðarmönnum. Við veitum góða starfsþjálfun og vekjum athygli á að störfin henta jafnt konum sem körlum.

• Rennismiðir/rennismíðanemar

Rennismiðir starfa á plast- eða renniverkstæði við CNC-stýrða rennibekki og fræsivélar við framleiðslu á íhlutum úr ryðfríu stáli og plasti. Um er að ræða vaktavinnu.

• Rafvirkjar/rafvirkjanemar

Rafvirkjar sinna fjölbreyttum og krefjandi verkefnum við frágang rafbúnaðar fyrir framleiðsluvörur Marel. Þeir sjá einnig um stillingu og prófun tækja og búnaðar.

• Málmiðnaðarmenn/málmiðnaðarnemar

Málmiðnaðarmenn vinna í framleiðslusellum eða plötuvinnslu við smíði úr ryðfríu stáli, samsetningu og frágang tækja og búnaðar.

Umsóknarfrestur er til 10. október. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu Marel, www.marel.is. Nánari upplýsingar um störf rafvirkja og málmiðnaðarmanna veitir Hörður Valgeirsson, framleiðslustýringu, í síma 563 8000, hordurv@marel.is. Nánari upplýsingar um starf rennismiða veitir Hákon Þorleifsson, framleiðslustýringu, í síma 563 8000, konni@marel.is.

Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns á Íslandi

Hvernig vinnum við í framleiðslu Marel?

Í framleiðslu Marel ehf er unnið í sellum eða litlum, sjálfstæðum liðum. Sellan ber ábyrgð á að uppfylla kröfur og væntingar viðskiptavina um gæðavöru, þökkun og útskipun búnaðar á afhendingardegi. Í sellunni er lögð er áhersla á að fólk vinni sjálfstætt og að því sé treyst fyrir sínu vinnusviði. Góð samvinna og liðsandi skipta miklu máli. Við leggjum einnig áherslu á símenntun.

Hvað segir starfsfólkið?

"Manni er treyst til að gera hlutina"

- Sjálfstæð vinnubrögð
- Fjölbreytt verkefni
- Sveigjanleiki í vinnutíma



"Þú færð ekki betri vinnuaðstöðu"

- Snyrtilegt og öruggt
- Gott mötuneyti
- Barnaherbergi



"Ég nota íþróttaaðstöðuna mikið"

- Heilsuvernd í fyrirrúmi og íþróttastyrkir
- Tveir íþróttasalir, tækjasalur, Boot Camp, skvass, hlaupahópur og yoga



"Góður starfsandi og góðir vinnufélagar"

- Virkt félagslíf
- Öflugt starfsmannafélag
- Þrjú sumarhús



Sölumaður

BM Vallá óskar eftir að ráða sölumann til starfa á söluskrifstofu félagsins í Suðurhrauni 6 í Garðabæ. Starfið felst í sölu á framleiðsluvörum fyrirtækisins ásamt ráðgjöf til viðskiptavina.

Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja þekkingu á byggingarvörum, sýni sjálfstæði og frumkvæði í starfi og hafi þjónustulund gagnvart viðskiptavinum fyrirtækisins.

Allar nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur A. Björnsson í síma 412 5161 (gunnlaugur@bmvala.is).

Lagermaður

Einnig óskar fyrirtækið eftir að ráða lagermann í starfsstöðina í Garðabæ. Æskilegt er að viðkomandi hafi lyftararéttindi.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Hólmsteinn Hólmsteinsson í síma 617 5155 (holmi@bmvala.is).



ADALSKRIFSTOFA Bíldshöfða 7 :: 110 Reykjavík



BM-VALLÁ



Spennandi störf í þágu barna

Barna- og unglingageðdeild LSH (BUGL) mun á næstu mánuðum auka þjónustu sína samkvæmt nýlegri áætlun Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins. Einnig mun deildin leggja áherslu á að takast á við ný þróunarverkefni til að stuðla að betri þjónustu fyrir börn og unglinga með geðraskanir. Að því tilefni óskum við eftir nýju fólki til starfa.

Störf á BUGL eru í takt við meginhlutverk Landspítala, að veita sjúklingum og aðstandendum þeirra þjónustu, stunda rannsóknir og fræða og þjálfa nemendur heilbrigðisstétta. Starfsmenn BUGL leitast við að nota ávallt gagnreyndar aðferðir við greiningu og meðferð barna og unglinga og leggja áherslu á að veita skilvirka þjónustu til að ná sem bestum árangri.

Við leitum að fólki sem hefur hæfileika til að vinna sjálfstætt og býr yfir lipurð í mannlegum samskiptum. Áhugi á málefnum barna, unglinga og fjölskyldum þeirra er nauðsynlegur. Um er að ræða fjölbreytileg störf við móttöku, meðferð og eftirfylgd barna með þroska- og geðraskanir. Möguleikar til starfsþróunar eru miklir og hvatt er til nýsköpunar og þátttöku í rannsókna-, vísinda- og gæðastarfi.

Hjúkrunarfræðingur

Helstu verkefni:

- Heildræn hjúkrun barna, unglinga og fjölskyldna þeirra í þverfaglegu samstarfi við aðrar starfsstéttir
- Stuðla að aukinni samvinnu við skólahjúkrunarfræðinga

Hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun í hjúkrun er æskileg
- Reynsla af vinnu með börnum og unglingum æskileg

Upplýsingar veitir Linda Kristmundsdóttir, deildarstjóri í síma 543 4300/4332, netfang lindakr@landspitali.is

Sálfræðingur

Helstu verkefni:

- Þverfagleg vinna við greiningu og meðferð barna og unglinga með geðraskanir
- Einstaklings- og hópmeðferð

Hæfniskröfur:

- Reynsla af greiningu og hugrænni atferlis-meðferð barna- og unglinga með geðraskanir og þroskafrávik er æskileg

Upplýsingar veitir Páll Magnússon, sálfræðingur í síma 543 4300, netfang pama@landspitali.is

Iðjubjálfi

Verkefni:

- Þverfagleg vinna við greiningu og meðferð barna og unglinga með geðraskanir
- Mat á þroska og færni barna og unglinga
- Einstaklings- og hópþjálfun í félagsfærni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af vinnu með börnum og unglingum er æskileg

Upplýsingar veitir Ósk Sigurðardóttir, yfiriðjubjálfi í síma 543 4326, netfang oskisig@landspitali.is

Félagsráðgjafi

Helstu verkefni:

- Þverfagleg samvinna við greiningu og meðferð barna og unglinga með geðraskanir
- Fjölskyldu-, hóp- og einstaklingsmeðferð
- Fræðsla og ráðgjöf fyrir foreldra
- Samvinna við þjónustu barnaverndar ríkis og sveitarfélaga

Hæfniskröfur:

- Reynsla í meðferð barna og unglinga með geðræn vandkvæði og fjölskyldnaþeirra er æskileg
- Framhaldsmenntun á sviði barna- og fjölskyldumeðferðar æskileg

Upplýsingar veitir Hrefna Ólafsdóttir, yfirfélagsráðgjafi í síma: 543 4335, netfang hrefnaol@landspitali.is

Upplýsingar um nám og fyrri störf þurfa að fylgja umsóknum. Mat byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Umsókn um starf hjúkrunarfræðings til skal skila til skrifstofu sviðsstjóra hjúkrunar á geðsviði eða á netfang: hrafnhkn@landspitali.is. Öðrum umsóknum til skrifstofu sviðsstjóra lækninga á geðsviði, eða á netfang: thuridth@landspitali.is. Umsóknir skulu berast fyrir 22. október n.k.

Landspítali er þekkingar- og þjónustustofnun í þágu almennings. Spítalinn hefur þrífætt hlutverk, það er þjónusta við sjúklinga, kennsla og rannsóknir. Þar starfa um 5.000 starfsmenn í um 4.000 stöðugildum. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf. Landspítali er reyklaus vinnustaður.

BYGGINGAVERKFRÆÐINGAR TÆKNIFRÆÐINGAR og TÆKNITEIKNARAR

Verkfræðistofan Hamraborg sf óskar eftir að ráða sem fyrst í eftirfarin störf:

Byggingaverkfræðing eða byggingatæknifræðing í burðarþolsverkefni. Þekking á burðarþolsfræði æskileg. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Góð laun í boði.

Tæknitekinara. Kunnátta í autocad nauðsynleg ásamt gott vald á íslensku máli. Fullt starf eða hlutastarf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Góð laun í boði.

Nánari upplýsingar gefur Sævar Geirsson í síma 554 2200. Umsóknir sendist með tölvupósti saevar@hamraborg.is



Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 – 200 Kópavogi
Sími: 554 2200 – Fax: 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is



Tískuvöruverslunin Zara vill ráða starfsfólk í verslun sína í Smáralind

Um er að ræða framtíðarstarf, bæði fullt starf og hlutastarf í dömu og barnadeild verslunarinnar

Starfslýsing

Sala í verslun og þjónusta við viðskiptvini
Taka upp vörusendingar
Aðstoð við vöruframsetningar og áfyllingar

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum kostur en ekki skilyrði
- Þekking og áhugi á tísku kostur
- Góð framkoma og þjónustulund skilyrði
- Ekki yngri en 18 ára

Nánari upplýsingar um störfin gefur Eyrún verslunarstjóri á staðnum

Umsóknareyðublöð liggja fyrir í versluninni eða senda okkur email á zara1@zara.is



Má bjóða þér?



Perlan veitingahús leitar að:

- Matreiðslunumum**
- Framreiðslunumum** (*þjónanumum*)
- Aðstoð í sal**

Kvöld- og helgarvinna.

Í Perlunni, einu besta veitingahúsi landsins, er gott vinnuumhverfi og jákvæður starfsandi.

Umsóknir: perlan@perlan.is



The Pearl restaurant is looking for:

- Chef students**
- Waiter students**
- Floor assistants**

Evening and weekend job.

The Pearl, one of Iceland's best restaurants, offers a good and positive work environment.

Apply via eMail: perlan@perlan.is.





Óskum eftir starfsfólki í íþróttahús KR

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingólfur, í síma 5105311.

Tekið er á móti umsóknum á skrifstofa@kr.is

Fatabúðin við Skólavörðustíg auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf eða hlutastarf

Leitum að líflegu og vönduðu starfsfólki í afgreiðslu og ýmis önnur fjölbreytt störf. Áhugasamir hafi samband í síma 551 4050



AFGREIÐSLU-FÓLK Á KASSA

the
PIER



GLÆSILEG OG SPENNANDI HÚSGAGNA- OG GJAFAVÖRUVERSLUN

Erum að leita eftir hressu fólki á kassa í fullt starf, hlutastarf og eða helgarvinnu í nýrri glæsilegri húsgagna- og gjafavöruverslun í nýja turninum í Kópavogi.

Hvetjum fólk á öllum aldri til að sækja um!

Umsóknir sendist á magnus@pier.is.
Nánari upplýsingar veitir Magnús í síma 690 7000.

LEIKSKÓLAR stúdenta

Kátir kokkar og annað gott fólk athugið!

Auglýsum eftir matráði til að sjá um eldhús fyrir 64 börn og 14 starfsmenn á Mánagarði. Stefna leikskólans er að börnin fái hollt, næringarríkt og fjölbreytt fæði og verður nýjum matráði boðin starfsþjálfun.

Leitum einnig að góðu fólki í full störf og hlutastörf á Leikgarði, Sólgarði og Mánagarði, sem allir starfa samkvæmt nýrri og spennandi stefnu í anda High Scope.

Leikskólar stúdenta eru staðsettir á háskólalóðinni, í stúdentagarðarþorpinu við Eggertsgötu. Vinnuumhverfi er líflegt, staðsetning og aðstaða frábær, samstarfsfólk metnaðarfullt og viðskiptavinir sérlega skemmtilegir.

Áhugasamir hafi samband við Írisi Dögg á Mánagarði í síma 562 3340 eða með tölvupósti managardur@fs.is.

Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignarstofnun. Að henni standa stúdentar innan Háskóla Íslands, HI og menntamálaráðuneytið. Leikskólar stúdenta eru Leikgarður, Mánagarður og Sólgarður. Auk leikskóla rekur FS Bóksölu stúdenta, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta og Stúdentamiðlun. Starfsfólk FS er um 110 talsins. FS er með virka starfsmannastefnu. Starfsfólk leikskólanna nýtur sömu kjara og starfsfólk almennra leikskóla og að auki sömu hlunninda og annað starfsfólk FS.



www.fs.is

VILTU BREYTA TIL?

ERTU ARKITEKT EÐA BYGGINGAFRÆÐINGUR?



TEIKNISTOFAN ehf
BRAUTARHOLTÍ 6 105 REYKJAVÍK
teiknistofan@tark.is www.tark.is

ARKITEKTAR
BRAUTARHOLTÍ 6 105 REYKJAVÍK
www.tark.is

T.ark leitar að arkitektum og byggingafræðingum

til starfa hjá okkur, bæði hér á Íslandi og á stofuna í Kaupmannahöfn.

Skila skal umsóknum ásamt starfsferilsskrám á skrifstofuna, Brautarholtti 6, 3. hæð, eða á netfangið bjarni@tark.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

T.ark vinnur að fjölbreyttum hönnunarverkefnum bæði innan- og utanlands. Hjú T.ark starfa 28 manns



Marel ehf er dótturfélag Marel Food Systems hf sem er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaíðnað. Hjú Marel Food Systems starfa yfir 2100 starfsmenn í 5 heimsálfum, þar af um 370 manns hjá Marel ehf á Íslandi.

Rafeindataæknimaður

Rafeindataæknimann vantar í rafeindabrettaframleiðslu í vogaliði. Starfið felur í sér umsjón með SMT ferlum fyrirtækisins svo sem sjálfvirkum áröðunarvélum og öðrum búnaði. Viðkomandi mun taka þátt í uppbyggingu prófunaraðferða og -búnaðar sem og þróun verkferla í rafeindabrettaframleiðslu.

Þú hefur:

- menntun í tæknifræði og/eða rafeindavirkjun
- reynslu af prófun rafeindabúnaðar
- þekkingu á uppbyggingu prófunarbúnaðar
- þekkingu á forritun, kostur að þekkja uppbyggingu prófunarforrita
- frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og drifkraft

Við bjóðum:

- góða vinnuaðstöðu í alþjóðlegu hátæknifyrirtæki
- sveigjanlegan vinnutíma og tækifæri til hafa áhrif
- aðgang að íþróttaaðstöðu og gott félagslíf
- styrki til símenntunar og íþróttaiðkunar

Nánari upplýsingar um starf tæknimanns veitir Pétur Arason, petur.arason@marel.is í síma 563 8000. Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel ehf., www.marel.com fyrir 16. október nk. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið gagnvart umsækjendum.



RETURN ON INNOVATION
www.marelfoodsystems.com

marel
food systems



VILTU BESTA STARF Í HEIMI?

Frístundaheimili ÍTR óska eftir frístundaráðgjöfum/
leiðbeinendum í stuðning við fötluð börn

Við leitum að skipulögðu, röggjöfum, hugmyndafræðingum, skapandi og skemmtilegu fólki sem er áhugasamt um að vinna með fötluðum börnum á almennum frístundaheimilum ÍTR og frístundaheimili við Öskjuhlíðarskóla.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Hægt er að sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is, eða hafa samband við starfsmannabjónustu ÍTR í síma 411 5000.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Nánari upplýsingar má fá á frístundamiðstöðvum í hverfum borgarinnar:

Tónabæ vegna Öskjuhlíðarskóla s. 411 5400

Gufunesbæ í Grafarvogi og Kjalarnesi s. 520 2300

Árseli í Árbæ og Grafarholti s. 567 1740

Miðbergi í Breiðholti s. 411 5750

Tónabæ í Austurbæ s. 411 5400

Miðborg og Hlíðar s. 411 5560

Frostaskjöldi í Vesturbæ s. 411 5700

Íþrótta- og tómstundasvið Reykjavíkur • Bæjarhálsi 1
Sími 411 5000 • Bréfsími 411 5009 • www.itr.is • itr@itr.is



Tæknideild - mælingarmaður

Loftorka Reykjavík ehf. óskar eftir að ráða til starfa í tæknideild mann eða konu til að sjá um útsetningar og innmælingar á vegum fyrirtækisins. Mikil vinna framundan í skemmtilegum verkefnum á höfuðborgarsvæðinu. Öll mælitæki eru Trimble GPS. Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Arnar í síma 848-5099. Umsóknir má einnig senda á sigurdur@loftorka.com

Loftorka Reykjavík ehf. er verktakafyrirtæki sem sérhæfir sig í jarðvinnuverkefnum, gatnagerð og malbikun og er eitt elsta verktakafyrirtæki í landinu, stofnað 1962. Aðsetur fyrirtækisins er að Miðhrauni 10 í Garðabæ. Hjá fyrirtækinu starfa milli 60 og 70 manns að jafnaði.

Lausar stöður í Norræna húsinu



Aðstoð í eldhúsi
Bókari 75%

Aðstoð í eldhúsi 100%:

Eldhúsið í Norræna húsinu er að taka spennandi breytingum, af því tilefni leitum við að öflugri manneskju með reynslu og þekkingu á eldhússtörfum til að taka þátt í ferlinu með okkur. Nám í matvæla og veitingagreinum er kostur en ekki skilyrði. Viðkomandi þarf að geta unnið sveigjanlegan vinnutíma.

Bókari 75%

Um er að ræða almenna bókhaldsvinnu. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og reynslu af bókhaldsstörfum, vera nákvæmur og skipulagður í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Þuríður Helga Kristjánsdóttir á thuridur@nordice.is og í síma 5517032. Umsókn ásamt ferilskrá sendist til Norræna hússins, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík eða í tölvupósti á thuridur@nordice.is Umsóknarfrestur er til 15. október 2007.

Störfin krefjast kunnáttu í íslensku sem og í einu norrænu máli. Ráðningarnar eru samkvæmt fyrirbætur Norrænu ráðherranefndarinnar tímabundnar í fjögur ár, með möguleika á framlengingu í fjögur ár til viðbótar. Ráðningarskilmálar byggjast á kjarasamningum hlutaðeigandi stéttarfélaga og lúta íslenskum lögum. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

NEXT

VERSLUNARSTJÓRI

Next óskar eftir að ráða verslunarstjóra í verslun sína.

Verslunarstjóri kemur að öllum daglegum rekstri verslunar svo sem starfsmannastjórnun, áætlanagerð, þjónustu við viðskiptavinum og framstillingu í verslun. Starfið er laust frá 1. janúar 2008

Hæfniskröfur:

- Reynsla af verslunarstjórnun nauðsynleg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Lipurð, gleði og drifkraftur til að ná árangri

DEILDARSTJÓRI HERRADEILDAR

Next óskar eftir að ráða deildarstjóra herradeildar í verslun sína.

Deildarstjóri sér um þjónustu við viðskiptavinum, gerð vaktaplana, framstillingu í deildinni og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun æskileg
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Lipurð, gleði og drifkraftur til að ná árangri

HELGARSTARFSFÓLK

Next óskar eftir að ráða helgarstarfsfólk í verslun sína.

Starfsmenn um helgar eru ábyrgir fyrir sölu og þjónustu við viðskiptavinum Next.

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Lipurð, gleði og drifkraftur til að ná árangri
- Aldurstakmark 18 ár.

Umsjón með ráðningum:

Tinna Jóhannsdóttir – tinna@next.is

Umsóknarfrestur til og með 14. október

HÁRSNYRTIR - HÁRSKERI

Óska eftir duglegum hársnyrti til starfa.
Stólaleiga og/eða verktaka kemur einnig til greina

Upplýsingar í síma 690 9680 eftir kl. 18:00



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Laus störf í Öskjuhlíðarskóla

Vegna forfalla vantar okkur starfsfólk í eftirfarandi stöður

- Kennari/þroskaþjálfari, 100% staða
- Heimilisfræðikennari, 100% staða
- Stuðningsfulltrúi, 80% starf

Upplýsingar veita Dagný Annasdóttir skólastjóri,
netfang: dagnyannas@oskuhlidarskoli.is
og Jóhann A. Kristjánsson aðstoðarskólastjóri,
netfang: jak@oskuhlidarskoli.is

Öskjuhlíðarskóli, Suðurhlíð 9, símar 568-9740 / 664-8405



Framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar, ÍBH, óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri ÍBH hefur umsjón með daglegum rekstri skrifstofu ÍBH og tekur þátt í öllu almennu starfi ÍBH og nefnda þess.

Markmið starfsins er m.a. að miðla upplýsingum til aðildarféлага ÍBH og að auka tengsl þeirra, vera aðildarfélögum ÍBH til aðstoðar og leiðbeiningar eftir föngum.

Framkvæmdastjóri annast einnig samskipti og samstarf við sveitarfélagið.

Nánari upplýsingar liggjá fyrir í starfslýsingu sem hægt er að fá hjá formanni ÍBH, Jóni Gunnari Grjetarssyni, sími: 8999349 og hjá framkvæmdastjóra ÍBH Óskari Ármannssyni, sími: 863 0203.

Umsókn skal skilað á skrifstofu ÍBH Íþróttahúsinu Strandgötu ,í pósthólf 548 eða á netfangið ibh@hafnarfjordur.is fyrir 15. október.

Öllum umsóknum verður svarað.



STARFSMENN ÓSKAST

Lagerstarfsmenn.

Óskast til starfa sem fyrst.
Lyftararéttindi æskileg.
Áhugasamir sendi inn umsókn á hjortur@plastrent.is
eða hafið samband við Hjört í síma 566 8302



Plastrent hf.
Fosshálsi 17-25 • Sími 580 5600



Plastrent hf. er leiðandi fyrirtæki í umbúðaiðnaði á Íslandi og hefur í 50 ár þjónað öllum sviðum atvinnulífsins. Hjá fyrirtækinu starfa 120 starfsmenn sem þjóna viðskiptavinum bæði innanlands og erlendis. Plastrent hf. hefur vottað gæðakerfi samkvæmt ISO 9002 og BRC stöðlum. Plastrent er einnig með starfsemi erlendis þar sem starfa um 250 starfsmenn.



Áttu samleið með okkur?

Kannanir – Greining - Rekstrarráðgjöf

Vegna aukinna verkefna óskar Intellecta eftir að ráða til starfa öfluga einstaklinga sem ráðgjafa til rekstrarráðgjafarvinnu

Starfssvið

- Umsjón með könnunum og greiningarverkefnum
- Tölfræðileg úrvinnsla og túlkun gagna
- Kynning á niðurstöðum hjá viðskiptavinum
- Þátttaka í fjölbreyttri stjórnunarráðgjöf

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði verkfræði-, viðskipta- eða félagsvísinda
- Góð þekking á tölfræði og túlkun gagna
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnu
- Samstarfshæfni og öguð vinnubrögð
- Árangursdrifin(n) og tilbúin(n) að taka þátt í að móta enn frekar þjónustu á þessu sviði

Ráðgjafi starfar náði með öðrum sérfræðingum Intellecta að ýmsum viðamiklum verkefnum á sviði rekstrar- og stjórnunarráðgjafar hjá mörgum af stærri fyrirtækjum landsins.

Hér er kjörið tækifæri fyrir einstakling sem vill læra og afla sér reynslu í krefjandi umhverfi þar sem höfuðmarkmið er að skila virðisaukandi lausnum til viðskiptavina.

Nánari upplýsingar færðu hjá Þórði S. Óskarssyni hjá Intellecta í síma 511 1225 eða sendu fyrirspurn á netfangið thordur@intellecta.is. Ef þú hefur áhuga á að slást í hópinn, sendu okkur þá umsókn fyrir 22. október 2007. Við förum með allar fyrirspurnir og umsóknir af fyllsta trúnaði. Öllum umsóknum verður svarað.



Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225
www.intellecta.is intellecta@intellecta.is



Lánastjóri

SPRON óskar eftir að ráða öfluga lánastjóra til starfa fyrir miðsvæði útibúa SPRON. Lánastjóri hefur aðsetur í Ármúla 13a.

Helstu verkefni:

- Umsjón með stærri útlánaverkefnum fyrir útibú svæðisins
- Ráðgjöf til viðskiptavina í tengslum við útlán
- Greining og mat á útlánahæfni viðskiptavina
- Greining og mat á kjörum og skilmálum útlána
- Undirbúningur mála sem lögð eru fyrir lánanefnd

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta eða lögfræði er skilyrði
- Reynsla og góð þekking á lánamálum er skilyrði
- Reynsla/áhugi á greiningarvinnu er skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði, skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veita Lárus Sigurðsson útibússtjóri og Viglín Óskarsdóttir þjónustustjóri í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 14. október nk. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum er áhersla á **TRAUST, FRUMKVÆÐI og ÁRANGUR.**

75 ára



VÖRUMERKJASTJÓRI

Nathan & Olsen hf. leitar að öflugum markaðsmanni til starfa sem vörumerkjastjóra fyrir þekkt vörumerki.

STARFSSVIÐ

- Rekstur/Ábyrgð síns „markaðssviðs“
- Markaðssetning vörumerkja
- Áætlanagerð og verðlagning
- Samskipti við auglýsingastofur
- Samskipti við erlenda birgja
- Ábyrgð innkaupa
- Greining markaða og nýrra tækifæra

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun
- Reynsla af sölu- og markaðsstörfum æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Áhugi á markaðsmálum
- Miklir samskiptahæfileikar
- Góð tölvukunnátta

Umsjón með ráðningu:
Hanna Dóra Haraldsdóttir, starfsmannastjóri
hdh@nathan.is
Umsóknarfrestur er til og með 14. október 2007

Nathan & Olsen hf. er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, markaðssetningu og dreifingu á mat- og snyrtivörum fyrir verslanir.

www.nathan.is



Staða hjúkrunardeildarstjóra á Öldrunarheimilum Akureyrar

Laus er til umsóknar staða hjúkrunardeildarstjóra á 30 manna hjúkrunardeild í Hlíð. Hjúkrunardeildin skiptist í tvær einingar, 15 manns á hvorri deild.

Um er að ræða fullt starf sem veitist frá 1. desember 2007.

Æskilegt er að viðkomandi hafi góða starfs- og stjórnunarreynslu auk þekkingar á sviði öldrunarhjúkrunar.

Hjúkrunardeildarstjóri ber ábyrgð á hjúkrun, daglegum rekstri, áætlanagerð og starfsmannahaldi, auk þess sem hann sér um þróun og uppbyggingu deildarinnar.

Áhersla er lögð á frumkvæði, jákvæðni og samskiptahæfileika.

Akureyrarbær rekur umfangsmikla öldrunarþjónustu bæði innan og utan heimilanna. Heimilin eru hjúkrunarheimilið Hlíð með 142 íbúa, heimili aldraðra í Kjarnalundi með 44 íbúa og sambýli aldraðra við Bakkahlíð með 8 íbúa. Dagþjónusta er starfrækt í tengslum við heimilið í Hlíð. Fjöldi starfsmanna heimilanna eru um 300 í 186 stöðugildum.

Upplýsingar um starfið veitir Helga Tryggvadóttir hjúkrunarforstjóri helgat@akureyri.is í Hlíð Austurbyggð 17, Akureyri, eða í síma 460 9100.

Laun eru skv. gildandi kjarasamningum Launaneftdar sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Tekið verður tillit til samþykktta bæjarstjórnar Akureyrar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is/auglysingar/atvinnuumsokn/auglyst-starf

Umsóknarfrestur er til 19. október 2007

ÍSTAK



HEFILSTJÓRAR

ÍSTAK óskar eftir að ráða hefilstjóra til starfa.

Um er að ræða framkvæmdir í Reykjavík og nágrenni.

Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af stjórnun veghefla með GPS-búnaði.

Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

Upplýsingar um störfín og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Sérfræðingur í framkvæmdadeild Olís



Olíuverzlun Íslands hf. óskar eftir að ráða sérfræðing í framkvæmdadeild

Starfssvið

- Skipulagning verka og gerð verkáætlana
- Verkefnastjórnun
- Eftirlit með framkvæmdum
- Samskipti við þjónustuaðila, birgja og verktaka
- Uppgjör verka

Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tæknifræði, verkfræði, byggingafræði eða sambærilegt nám
- Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af byggingaframkvæmdum og verkefnastjórnun
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi við lausn verkefna
- Skipulögð vinnubrögð

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefllingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð. Skrifstofur Olís eru að Sundagörðum 2 og þar starfa um 60 manns.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingvar Stefánsson s. 515 1270 eða ingvars@olis.is

Umsóknir berist til starfsmannastjóra, Ragnheiðar Bjarkar Guðmundsdóttur – rbg@olis.is, fyrir 12. október nk.

OLÍS – við höldum með þér!



» Ráðningarþjónusta

Forritarar

Leitum að .NET og PHP forriturum fyrir ungt og framsækið hugbúnaðarfyrirtæki.

Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur sérfræðinga og vegna aukinna verkefna er þörf á að bæta liðsmönnum við hópinn.

Fyrirtækið sérhæfir sig í viðskiptahugbúnaði, gagnagrunnslausnum og gagnagrunnstengingum við Internetið ásamt ýmsum sérlausnum í Unix og .NET umhverfum. Fyrirtækið veitir ennfremur ráðgjöf um viðskiptalausnir, markaðsmál á Internetinu og allri tengdri starfsemi.

» Starfssvið

- Parfagreining og hönnun viðskiptalausna
- Forritun viðskiptahugbúnaðar
- Innleiðing hugbúnaðar hjá viðskiptavinum

» Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði
- Reynsla af C#, .Net og MS SQL æskileg
- Fagleg og vönduð vinnubrögð
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hóp

Hvetjum ennfremur þá sem hafa reynslu í PHP forritun að sækja um.

Í boði er vellaunað og spennandi starf hjá metnaðarfullu fyrirtæki við fjölbreytt og skemmtileg verkefni.

Nánari upplýsingar um störfín er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfín þar.

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Gluggasmiðjan auglýsir

Smiðir eða laghentir menn óskast til starfa einnig menn vanir vélarvinnu á yfirfræsara og fl.

Upplýsingar í síma 577 5050 Pétur eða petur@gluggasmiðjan.is



Gluggasmiðjan ehf.

Viðarhöfða 3, S. 577-5050, www.gluggasmiðjan.is

» Ráðningarþjónusta

Ert þú í atvinnuleit?

Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhalðsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

» Kannaðu málið á

www.hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Vantar tvo í hóp þeirra bestu

Rekstrarfélag SPRON rekur í dag nokkra mismunandi sjóði og er vegna mikillar eftirspurnar að bæta við fleiri sjóðum. Þess vegna leitar félagið nú logandi ljósi að **tveimur nýjum sjóðstjórum** með metnað til að skila frábærum árangri.

Menntunar og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði fjármála
- Brennandi áhugi á fjármálamörkuðum
- Frumkvæði og drifkraftur
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Starfssvið

- Stýring verðbréfasjóða
- Greining fjárfestingakosta
- Samskipti við viðskiptavinum og aðra aðila á fjármálamarkaði
- Skýrslugerð og gerð kynningarefnis
- Reynsla af starfsemi tengdri fjármálamörkuðum er æskileg

Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri Rekstrarfélagsins, Brynjar Kristjánsson.

Umsóknir skal senda til starfsmannþjónustu SPRON, Ármúla 13A, 108 Reykjavík, merkt „Sjóðstjóri – umsókn“ eða á starfsmannathjonusta@spron.is fyrir miðvikudaginn 24. október næstkomandi.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Árangur Spron verðbréfa hefur til þessa verið framúrskarandi og mikill vöxtur í allri starfsemi. Sem dæmi má nefna að félagið er með þann íslenska peningamarkaðssjóð sem hefur gefið langhæstu ávöxtun allt frá stofnun.

Rekstrarfélag SPRON er dótturfélag SPRON Verðbréfa og er sérhæft fyrirtæki á sviði eigna- og sjóðastýringar.



Himnir og hæl / SÍA - 9071200

LAUST PLÁSS

HÖNNUÐUR ÓSKAST

Við erum að leita að **grafískum hönnuði** í fullt starf. **Dynamo Reykjavík** er ung auglýsingastofa með frábæra viðskiptavinum og mikið að gera. Þess vegna erum við að leita að þér. Eina skilyrðið er að þú sért **góður hönnuður** og skemmtilegur einstaklingur. Við hlökkum til þess að heyra frá þér. Umsóknir sendist á **maggi@dynamo.is** fyrir 12. október.





LIÐSMAÐUR ÓSKAST

N1 óskar eftir að ráða símasölumann í símaver fyrirtækisins sem staðsett er að Bildshöfða 9, Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Sala á bílavarahlutum og fylgihlutum í bíla
- Taka við pöntunum frá viðskiptavinum
- Ráðgjöf til viðskiptavina

Hæfniskröfur:

- Almenn þekking og áhugi á bílum og bílaviðgerðum
- Nákvæmni
- Góð þjónustulund
- Samskiptalipurð

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Örn Bjarnason**, verslunarstjóri **440 1190**. Áhugasamir sækja um á **www.n1.is**

N1 VERSLANIR

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

WWW.N1.IS

Aðalbókarí


-Tákn um þekkingu

Svið - Innri málefni

Vegna aukinna umsvifa leitum við að aðalbókara. Starfið felst í færslu bókhalds, afstemmingum, uppgjörum, samskiptum við endurskoðanda og fleira. Starfsmaðurinn er í miklum samskiptum við gjaldkera og aðra er vinna við fjármál fyrirtækisins.

Leitað er að einstaklingi með menntun og/eða reynslu af bókhaldstengdum störfum.

Þekking á Axapta og/eða Tok+ er kostur.

Um krefjandi starf er að ræða og þarf viðkomandi einstaklingur að geta unnið sjálfstætt og eiga gott með samskipti.

Nánari upplýsingar veitir Helga Benediktsdóttir framkvæmdastjóri í síma 898 8272 og Hrönn Guðbjartsdóttir mannauðsstjóri í síma 895 0743.

Umsóknir skal senda til Hrannar Guðbjartsdóttur, netfang: **hronn.gudbjartsdottir@teris.is**
Umsóknafrestur er til 17. október n.k.

TERIS er framsækið upplýsingatæknifyrirtæki og leiðandi í þjónustu við fyrirtæki á fjármálamarkaði. Hjá TERIS starfa 130 manns með viðtæka þekkingu. Teris er þekkingar fyrirtæki og starfsmenn því mikilvægasta auðlindin. Mikil reynsla og þekking hefur byggst upp meðal starfsmanna frá stofnun fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur á að skipa sérfræðingum á öllum sviðum upplýsingatækninnar sem og sérfræðingu sérfræðingum í starfsemi fjármálafyrirtækja. Starfsfólk er hvatt til að sækja sér endurmenntun á sínu sviði og tryggja þannig hæfni þess og kunnáttu. TERIS er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO/IEC 27001:2005 um stjórnun upplýsingaöryggis.



Verkefnastjóri og sérfræðingur



Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða vill ráða tvo starfsmenn í neðangreind störf á skrifstofu félagsins á Ísafirði.

Verkefnastjóri Vaxtarsamnings Vestfjarða

Starfslýsing:

Í meginráttum felur starf verkefnastjórans í sér umsjón og samræmingu yfir starfi þriggja klasa þ.e. sjávarútvegsklasa, ferðaþjónustu- og menningarklasa og mennta- og rannsóknaklasa. Þar að auki vinnur verkefnastjóri að framkvæmd sérstakra tillagna í Vaxtarsamningi Vestfjarða. Verkefnastjóri vinnur náið með framkvæmdaráði samningsins og fer eftir stefnu og áherslum sem settar eru af stjórn og framkvæmdaráði.

Verkefnastjóri á atvinnuþróunarsviði heyrir undir framkvæmdastjóra AtVest og starfar á skrifstofu félagsins á Ísafirði.

Nánari lýsing verkefna:

- Stjórn samráðsfunda með klasastjórum
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnar og framkvæmdaráðs
- Kynningar á starfi og markmiðum og verkefnum Vaxtarsamnings
- Önnur verkefni sem framkvæmdastjóri felur starfsmanni s.s. ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga og verkefnastjórn

Kröfur um menntun og reynslu:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta er æskileg ásamt reynslu af svipuðum verkefnum

Sérfræðingur á atvinnuþróunarsviði

Starfslýsing:

Veitir viðskiptaráðgjöf með áherslu á ferðamál til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Stjórn ferðaþjónustu- og menningarklasa í Vaxtarsamningi Vestfjarða.

Sérfræðingur á atvinnuþróunarsviði heyrir undir framkvæmdastjóra AtVest og starfar á skrifstofu félagsins á Ísafirði.

Nánari lýsing verkefna:

- Sérverkefni í Vaxtarsamningi Vestfjarða
- Framkvæmd tillagna úr Vaxtarsamningi
- Samstarf við Markaðsskrifstofu Vestfjarða
- Önnur verkefni sem framkvæmdastjóri felur starfsmanni s.s. ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga og verkefnastjórn

Kröfur um menntun og reynslu:

- Háskólamenntun t.d á sviði viðskipta, ferða- eða markaðsmála er æskileg ásamt reynslu af svipuðum verkefnum.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 15. október nk. Upplýsingar veitir Albert Arnarson. Netfang: **albert@hagvangur.is**


- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • **www.hagvangur.is**

Viltu vinna mikilvægt starf heima hjá þér?

Velkomin í hópinn!

Grunnnámskeið (70 klst.) fyrir verðandi dagforeldra hefst hjá Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði í lok október 2007. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar fást hjá þjónustumiðstöðvum borgarinnar,

- Vesturgarði, þjónustumiðstöð Vesturbæjar Hjarðarhaga 45-47, sími 411-1700
- Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða Skúlagötu 21, sími 411-1600
- Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis Síðumúla 39, sími 411-1500
- Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness Langarima 21, sími 411-1400
- Þjónustumiðstöð Breiðholts Álfabakka 12, sími 411-1300
- Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts Bæjarhálsi 1, sími 411-1200

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar veitir leyfi til daggæslu í heimahúsum. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur veita foreldrum upplýsingar og dagforeldrum ráðgjöf og stuðning.

Þjónustusími Reykjavíkurborgar er 411 1111.

Nánari upplýsingar um tímasetningar grunnnámskeiðsins fást í s. 585 5860.

www.rvk.is



Lærdómsrík störf !!

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki á hæfingarstöðvar í Kópavogi. Um er að ræða dagvinnu.

Helstu verkefni:

- Veita þjónustunotendum stuðning við dagleg störf

Hæfniskröfur:

- Áhugi á málefnum fatlaðra
- Þjónustulund og jákvæðni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Framtaksemi og samviskusemi

Í boði er:

- Spannandi og lærdómsríkt framtíðarstarf
- Öruggt starfsumhverfi
- Öflugur stuðningur í starfi, þjálfun og námskeið
- Fjölbreytt verkefni

Leitum að þroskaþjálfum, stuðningsfulltrúum og félagsliðum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR eða pl. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofutíma. Sjá auglýst starf á heimasíðu Svæðisskrifstofu Reykjaness www.smfr.is. Reyklaus vinnutími. Auglýsingin gildir í sex mánuði. Umsóknarfrestur er til 21. október nk.

Svæðisskrifstofa Reykjaness sem staðsett er á stórhöfuðborgarsvæðinu er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingarstöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímavistunum.

Hive

